

STARFSKJARASTEFNA AKTA SJÓÐA HF.

Samþykkt á aðalfundi þann 30. apríl 2020

1. Almenn

Í samræmi við 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna Akta sjóða hf. (hér eftir „Akta sjóðir“ eða „félagið“) lögð fram til samþykktar á aðalfundi. Akta sjóðum ber að leggja fram starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, svo og stjórnarmanna þess.

Markmið starfskjarastefnunnar er að Akta sjóðir verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir framúrskarandi starfsfólk, og stuðla þannig að samkeppnishæfni félagsins til lengri tíma.

2. Launastefna

Meginsjónarmið varðandi laun æðstu stjórnenda eru að samræma hagsmuni stjórnenda við starfsemi sem eykur verðmæti Akta sjóða til lengri tíma. Jafnframt sé haft að leiðarljósi að starfskjör stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku heldur hvetji til þess að langtímahagsmuna Akta sjóða, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila sé gætt.

Akta sjóðir hyggjast leitast við að samræma áherslur varðandi starfskjör, hlunnindi og fyrirtækjabrag við áherslu sambærilegra félaga á markaðnum innan þess sem lög og reglur heimila, og að því marki sem samræmist tilgangi félagsins, hagsmunum viðskiptavina þess og góðum stjórnarháttum.

Helstu áhersluatriði starfskjarastefnu Akta sjóða eru:

- a. Lykilstarfsmenn eru meginstoð í vexti og viðgangi félagsins.
- b. Kjör lykilstarfsmanna verða að vera samkeppnishæf.

3. Laun til stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá greidda sérstaka þóknun fyrir stjórnarstörf sem ákveðin er á hluthafafundi ár hvert.

4. Uppbygging launa

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ákveðin með skriflegum ráðningarsamningi þar sem kveðið er á um föst laun, lífeyrisréttindi, orlof og aðrar starfstengdar greiðslur. Stjórn Akta sjóða tekur ákvörðun um starfskjör framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um laun starfsmanna í samræmi við viðmið stjórnar, að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar viðkomandi. Starfskjör starfsmanna skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi.

5. Kaupaukakerfi

Stjórn getur tekið ákvörðun um gerð kaupaukakerfis (hvatakerfis) til að ná markmiðum samkvæmt 1. gr.

Kaupaukakerfið skal vera í samræmi við gildandi lög og reglur Fjármálaráðuneytisins, þ. á m. Reglur um kaupaukakerfi nr. 388/2016.

6. Eftirlaunagreiðslur eða aðrar greiðslur vegna starfsloka

Ákvæði ráðningarsamnings um eftirlaunagreiðslur eða greiðslur vegna starfsloka gilda í þessu sambandi, að því gefnu að þau séu í samræmi við ákvæði 57. gr. b. Í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við undirbúning ráðningarsamnings skal áhersla lögð á að engar aukagreiðslur

verði inntar af hendi við starfslok nema þær sem eru tilgreindar í ráðningarsamningi. Hins vegar geta sérstakar kringumstæður leitt til þess að gerður verði sérstakur starfslokasamningur við framkvæmdastjóra. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok.

7. Endurskoðun og upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal endurskoðuð árlega og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Stjórn Akta sjóða skal gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna á aðalfundum eins og nánar er kveðið á um í 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfskjarastefnu má þó endurskoða oftari, svo sem vegna lagabreytinga, og skulu þær breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund.

Að öðru leyti fer um starfskjarastefnu þessa samkvæmt lögum.

8. Samþykki starfskjarastefnu o.fl.

Stjórn félagsins hefur kynnt sér ákvæði 57. gr. a. og 57. gr. b. í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög og reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja. Stjórn leggur áherslu á að framfylgja ávallt gildandi lögum og reglum á þessu sviði, við framkvæmd starfskjarastefnu félagsins.

Stjórn hefur samþykkt starfskjarastefnuna og skal hún tekin til afgreiðslu á aðalfundi Akta sjóða. Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 3. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir Akta sjóði og stjórn þess. Árlega skal stjórn Akta sjóða hafa eftirlit með framfylgni við setta starfskjarastefnu. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar. Stjórn skal leggja allar stefnubreytingar fyrir aðalfund til samþykktar.

Starfskjarastefnuna skal birta á heimasíðu Akta sjóða.

Reykjavík, 30. apríl 2020